



KYNNING Á VALGREINUM

Njarðvíkurskóli
Skólaárið 2022-2023

Nemendur í 8.-10. bekk eiga samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla að vera með 37 kennslustundir í stundatöflu

Nemendur eru með 31 kennslustund fast í stundatöflu svo 6 kennslustundir mega þeir velja sjálfir. Valgreinar eru því hluti af skyldunámi nemenda.

Hér er sundurliður á kennslustundum sem eru fast í stundatöflu nemenda:

Yfirlit kennslustunda í stundatöflu í 8.-9. bekk

Íslenska 7/6 stundir	Danska 3 stundir	Enska 4 stundir
Stærðfræði 5/6 stundir	Íþróttir 3 stundir	Bekkjarfundur 1 stund
Samfélagsgr. 3 stundir	Náttúrufr. 3 stundir	List/verkgreinar 2 stundir

Yfirlit kennslustunda í stundatöflu í 10. bekk

Íslenska 6 stundir	Danska 4 stundir	Enska 4 stundir
Stærðfræði 5 stundir	Íþróttir 3 stundir	Bekkjarfundur 1 stund
Samfélagsgr. 3 stundir	Náttúrufr. 3 stundir	List/verkgreinar 2 stundir

- Mikilvægt er að nemendur nýti valgreinar til að efla sig í því sem þeir hafa áhuga á og hafa þannig áhrif á áherslur í sínu námi
- Þegar búið er að velja þá getur verið erfitt að breyta. Eins er mikilvægt að það sem þið veljið er annaðhvort val hálf árið eða allt skólaárið og ekki er hægt að breyta á miðju tímabili.
- Mikilvægt er að hver og einn velji fyrir sig en ekki eins og vinirnir eru að velja því þó þið séuð með sömu valgrein þá getur verið að vinir raðist í sitthvorn valhópinn.



Heilsársval

- Þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi (8.-10. bekkur)
 - Nemendur sem eru í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi fá það metið sem valgrein. Skila staðfestingu þjálfara/leiðbeinanda í upphafi skólaárs
- Tónlistarnám (8.-10. bekkur)
 - Nemendur sem eru í tónlistarnámi fá það metið sem valgrein. Staðfesting frá tónlistarskóla á skráningu í upphafi skólaárs.
- Enski boltinn (8.-10. bekkur) – í Njarðvíkurskóla
- Nemendaráð (8.-10. bekkur) – í Njarðvíkurskóla
- Leiklist (8.-10. bekkur) – í Njarðvíkurskóla
- Aðstoð við þjálfun – í samvinnu við íþróttafélög
- Unglingadeild björgunarsveitarinnar (9.-10. bekkur)
- Grunnskólaval í FS (9.-10. bekkur)



Grunnskólavali í FS



- Nemendur í 9. og 10. bekk geta sótt valgreinar í FS
 - Nemendur fá 5 f-einingar fyrir hvern áfanga
 - Nemendur greiða skráningargjald í FS – 6000 kr. + efnisgjald í einstaka áfanga
- Mikilvægt að skoða vel inntökuskilyrði í hverjum áfanga í Valbæklingi
- Nemendur í grunnskólavali þurfa að fara eftir mætingareglum FS

Þriðjudagar	Miðvikudagar
Enska – ENSK2KO05 (10)	Stærðfræði – STÆR2AH05 (10)
Textíll og hár – TXHÁ1FH05 (9/10)	Þýska – ÞÝSK1ÞO05 (10)
Rafmagn – RAFG1KY05 (9/10)	Húsasmíði – HÚSA1KY05 (9/10)
	Forritun – FORR2LE05 (9/10)
	Spænska - SPÆN1SO05 (10)

Valgreinabæklingurinn

- Mikilvægt er að nemendur lesi yfir valgreinabæklinginn með foreldrum/forráðamönnum
- Það kemur fram kennslutilhögun og námsmat í hverri valgrein sem og fyrir hvaða árganga hver valgrein er.
- Nokkrar nýjar valgreinar eru í boði, spil og púsl, bókmenntir/kvikmyndir og leikhús og svo val sem var í fyrsta sinn á síðasta skólaári, Orka og tækni sem er unnin í samvinnu við HS veitur en kennarar eru iðn- og tæknimenntað starfsfólk hjá HS veitum.
- Fyrirkomulag á nemendaráði - kosning
- Ath. Nýtt fyrirkomulag á Skólahreysti
- Sum valfög velur maður bara einu sinni
- Hagnýt tölvunotkun fyrir nemendur í 9. bekk



Valgreinar skólaárið 2022 – 2023



Farið inn á tengilinn sem er á mentor.is
og var sendur heim á foreldra í
tölvupósti

Setjið inn nafn og bekk

Veljið valgreinar og teljið **12 stundir** –
hvorki meira né minna

Passið að sumar valgreinar eru bara fyrir
ákveðna bekki/árganga


Mikilvægt að velja 2 greinar til vara ef
einhver valfög detta út eða rekast á í
stundatöflu

Hvernig á að velja?





Njarðvíkurskóli



Á heimasíðu skólans finnið þið eftirfarandi gögn:

- Bækling með öllum upplýsingum um valáfanga
- Tengil til að velja valgreinar
- Þessa glærusýningu

Gangi ykkur vel ☺